

## AUGLÝSING

### um nýtt deiliskipulag í Reykjavíkurborg.

*Einholt – Þverholt.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 14. nóvember 2013 deiliskipulag fyrir Einholt - Þverholt. Svæðið afmarkast af Einholti, Háteigsvegi, Þverholti og Stórholti. Markmið tillögu er að byggja upp nýja íbúðabyggð á reitum E og F, skilgreina byggingarrétt á lóðinni Þverholti 13 en reitir A, B og D eru að mestu óbreyttir. Með gildistöku fellur úr gildi deiliskipulag Einholts - Þverholts sem tók gildi 6. mars 2013.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 19. desember 2013.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 8. janúar 2014